

Hverfisráð Grafarvogs

Ár 2017, þriðjudaginn 13. júní var haldinn 140. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness og hófst fundurinn kl. 17.06. Viðstödd voru Sigurður Hólm Gunnarsson, formaður, Elísabet Gísladóttir, Ragnar Jóhannsson sem situr fyrir hönd Guðbrands Guðbrandssonar, Trausti Harðarson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, Margrét Richter deildarstjóri stoðþjónustu- og rekstrar hjá Miðgarði sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram útskrift úr gerðarbók umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 26. apríl 2017, varðandi veitinga- og gististaði í Reykjavíkurborg.
2. Lögð fram útskrift úr gerðarbók umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 31. maí 2017, varðandi breytingu á aðalskipulag vegna Borgarlínu. Frestað.
 - Kl: 17.13 tekur Stefán Garðarsson áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Bryggjuhverfisins sæti á fundinum.
 - Kl 17.15 tekur Gísli Rafn Guðmundsson sæti á fundinum.
3. Lögð fram styrkbeiðni frá ungmennafélagi Fjöltnis - Handknattleiksdeild kt: 631288-7589. Samþykkt að veita styrk að upphæð 150.000 kr.
4. Fram fer val um kosningabær verkefni fyrir Hverfið mitt 2018. Eftirfarandi verkefni voru valin:

Nr.	Hugmynd
9577	Leggja hjólastíga
9609	Leiksvæðið við Berjarima
9650	Lokað hundasvæði
9651	Skrúðgarð í brekkuna ofan við Bryggjuhverfið
9659	Bílastæði við Hallsteinsgarð
9661	Lýsing á göngustíga með sjónum
9722	Ný spennandi vaðlaug við sundlaugina fyrir þá allra yngstu
9777	Gamla þjóðleiðin í Grafarvogi
9807	Vatnsbrunnar við íþróttasvæði Egilshöll; Dalhús og Gufunesbæ
9809	Þúfnahopp
9823	Auka plöntuflóru í 'Skýriskógi'
9840	Dorgbryggju eða pall á bólverkinu undir Hamarshöfða
9855	Merkja naustið við Grafarvogskirkjuna
9918	Göngustígur sem tengir Víkurhverfi við göngustíg meðfram sjó
9942	Bekkir á gönguleið
10048	Gróðursetja tré og runna meðfram strandstíg við Staðahverfi

10063	Lýsing á göngustíg við Egilshöll - Víkurveg
10145	Frágangur við grendargáma
10253	Trjárækt; bekkir og ruslafötur vestan við Rimaskóla
10284	Reiðhjóla-torfæru/þrauta braut
10292	Útivistarsvæði fyrir Parkour og almenning
10323	Bæta götulýsingu við Rimaskóla og öruggara aðgengi
10368	Skólahreystivellir
10580	Salernisaðstaða í Gufunesbæ
10752	Fimleikataeki víðsvegar um Grafarvoginn

Hverfisráð Grafarvogs leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Grafarvogs óskar eftir því við Umhverfis- og skipulagssvið að sett verði upp fótboltamörk sem nýst geti nú í sumar 2017 á afmörkuðu/afgirtu grassvæði/leiksvæði fyrir neðan Rimaskóla.

- Kl: 17.35 tekur Herdís Anna Þorvaldsdóttir sæti á fundinum.

Fundi slitið kl. 18.45

Sigurður Hólm Gunnarsson

Elísabet Gísladóttir
Gísli Rafn Guðmundsson

Ragnar Jóhannsson
Herdís Anna Þorvaldsdóttir